

STARTARAR OG ALTERNATORAR

fyrir allar gerðir bíla, báta og vinnuvéla

Frí heimsending um allt land

Glerárgata 34b v/ Hvannavelli · 600 Akureyri
Sími: 461 1092 · E-mail: asco@asco.is

ÁSCO

Fagfólk í heimabyggð

Kristján Óskar Ásvaldsson hdl.
Tryggvi Guðmundsson hdl.

Sími 440 7900 • www.pacta.is

PACTA
L Ö G M E N N



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 17. nóvember 2016 · 43. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Ungir upprennandi kvikmyndaleikarar í myndinni „Ég man þig“ eftir sögu Yrsu Sigurðardóttur.



HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



**HAMRABORG
SAMLOKA**
Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



**HAMRABORG
SAMLOKA**
Geymist við 0-4°C

með roastbeef



**HAMRABORG
SAMLOKA**
Geymist við 0-4°C

með kjúklingsalati



**HAMRABORG
SAMLOKA**
Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*Alltaf
nýsmurt*

Súðavíkurhreppur verður Heilsueflandi samfélag

Á nýju ári ýtir Súðavíkurhreppur nýju verkefni úr vör í samvinnu við embætti landlæknis undir yfirskriftinni „Heilsueflandi samfélag í Súðavík.“ Verkefnið hefur verið í gangi hér á landi frá árinu 2013 og verður Súðavíkurhreppur áttunda sveitarfélagið sem tekur þátt í því, hið fyrsta á Vestfjörðum. Heilsueflandi samfélag miðar að því að þróa samfélagslegan ramma utan um markvissa og heilðræna heilsueflingu, en verkefninu er ætlað að ná til allra aldurshópa í samfélaginu m.a. í gegnum heilsueflandi leik- grunn- og framhaldsskóla, vinnustaði og starf eldri borgara og stuðla þannig að góðri heilsu, vellíðan og auknum lífsgæðum. Þrjár megin stöðir verkefnisins í Súðavíkurhreppi verða: efling líkamlegs atgervis, andlegs atgervis og síðan efling matarræðis. Undir formerkjum líkamlegs heilbrigðis ætlar sveitarfélagið að bjóða frítt í líkamsræktina í Súðavík fyrir íbúa Súðavíkurhrepps. Þá verður farið af stað með frístundakort fyrir börn og unglinga þar sem greiddur verður

20 þúsund króna styrkur með tólmstundum barna. Hvert skráð barn í Súðavíkurhreppi hefur rétt á styrknum. Þá er einnig verið að skoða að efla skipulagða hreyfingu í starfi eldri borga þrisvar í viku.

Til að efla andlegt heilbrigði verður boðið upp á HAM námskeið fyrir íbúa Súðavíkurhrepps á nýju ári og til að bæta matarræði mun matseðill Jóns Indíafara, sem meðal annars rekur mötuneyti skólans og fyrir þá sem vilja nýta sér góðan hádegismat, taka mið af heilsueflandi átaki samfélagsins. Þá mun sveitarfélagið styrkja Geisla, ungmennafélagið á staðnum, til framkvæmda á nýju ári, til að útbúa hreyfiaðstöðu fyrir börn og unglinga.

Pétur Markan sveitarstjóri Súðavíkurhrepps segir sveitarfélagið með þessum hætti leggja sitt af mörkum til að efla lífsgæði og jöfnuð hjá íbúum. „Lífsgæðin felast í fullum aðgangi að líkamsrækt og tólmstundum og jöfnuðurrinn felst í að gera öllum börnum og unglingum kleift að stunda tólmstundir, óháð efnahag baklandsins. Ef matur er mannsins



Hluti af gömlu Súðavík með Kofra í baksýn.

megin, og hann hollur, skilar það samfélagi. Fyrst og fremst er félag sem vill gera vel við íbúa sér í öflugara og hamingjusamara Súðavíkurhreppur úrvalssam- sína.“ annska@bb.is



Hafdís Gunnarsdóttir

– Sjónarmið –

Nýja orðræðuhefðin

Hið ótrúlega gerðist. Donald Trump var kosinn forseti Bandaríkjanna, þrátt fyrir öll niðrandi ummæli hans í garð kvenna og minnihlutahópa. Þrátt fyrir þrjúljáðislegar yfirlýsingar um að reisa vegg milli landa og tala fyrir einangrunarhyggju Bandaríkjanna með miklum kostnaði fyrir alþjóðahagkerfið. Bandaríkjamenn höfðu Hillary Clinton í kosningunum og nú þarf hún að fara í verulega naflaskoðun til að átta sig á hvernig í ósköpunum hún hafi tapað fyrir Donald Trump. Hún virtist vera með flest tromp á hendi sér; hún hafði reynsluna sem öldungadeildarþingmaður, forsetafrú og utanríkisráðherra. Fjölmíðlarnir elskuðu hana, skoðanakannanir sýndu hana trekk í trekk sem líklegan sigurvegara kosninganna og hinn vinsæli forseti Bandaríkjanna, Barack Obama, mærði hana

við hvert tækifæri. Samt tapaði hún fyrir Donald Trump sem notaði frekar ógeðfelda orðræðu með stóryrðum og persónulegu niði hægri vinstri. Að mínu mati er líklegasta skýringin sú að Bandaríkjamenn eru löngu orðnir þreyttir á pólitísku ástandi þar sem stálin stinn ríkja og koma í veg fyrir alla umræðu um hvað megi betur fara og hvernig hægt sé að bæta kjör almennings. Gjáin milli aðila er algjör og ekki einu sinni hægt að skipa í hæstarétt Bandaríkjanna og fólk var tilbúið til að kjósa hvern sem var sem boðaði einhverjar breytingar. En þó meirihluti Bandaríkjamanna hafi kosið Trump eru þeir ekki endilega fávitar, rasistar eða kvenhatarar. Flestir vildu breytingar og ákváðu að kjósa Trump, en þorðu ekki endilega að viðurkenna það og þess vegna komu þessi úrslit okkur svo á óvart.

Ég held að Íslendingar eigi

margin sameiginlegt með Bandaríkjamönnum og þora ekki að segja upphátt hvað þeim finnst þegar kemur að kosningum. Þora varla að segja sína skoðun þegar þeir eru beðnir um að taka þátt í skoðanakönnunum. Þeir sýna það bara í kjörklefanum. Það heyrir nefnilega ansi hátt í litlum hluta þjóðfélagsins okkar, hluta sem kemur úr ýmsum áttum og hann á það ansi oft til að valtra yfir þá sem hafa aðrar skoðanir. Því eru margir sem tjá ekki sínar skoðanir því þeir vilja ekki þurfa að taka þátt í rökræðum til að réttlæta pólitískar skoðanir sínar og vilja ekki vera stimplaðir vegna skoðana sinna. Vilja ekki eiga þá hættu að vera uppnefndir bjánar, fávitar eða greindarskertir einfrumungar vegna skoðana sinna sem ríma ekki við skoðanir þeirra sem heyrir hæst í.

Ég hef verið að velta þessu fyrir mér þegar ég sé hvernig fólk hefur talað um Óttarr Proppé

rúmum sólarhring eftir að Björt Framtíð, Viðreisn og Sjálfstæðisflokkurinn ákváðu að hefja formlegar stjórnarmyndunarviðræður. Óttarr Proppé, sem er þekktur fyrir að vera vandaður maður og síst af öllum áfjáður í persónuleg völd, hefur fengið holskeflu af sora fyrir að fara þessa leið. Einn þingmaður gerðist svo ómálefnalegur að segja að Óttarr yrði hataður ef hann færi í þessa ríkisstjórn og gaf sér svo að hann myndi styðja allt sem Sjálfstæðisflokkurinn legði til. Þvílík lágvúra. Það þótti ósköp eðlilegt að Björt Framtíð reyndi að mynda ríkisstjórn með vinstri flokkum fyrir kosningar, þrátt fyrir að flokkurinn staðsetti sig sem miðjuflokk. En svo þegar Björt Framtíð hallar sér til hægri eru það orðin einhver svik. Og upp gjósa svívirðingarnar og uppnefningarnar.

Einhverveginn minnir þetta allt á orðræðu Trumps þar sem

aldrei er komið inn á málefnið en persónuleg nið notuð á andstæðinginn. Sjaldan hafa verið meiri möguleikar á að bæta lífsskjör á Íslandi og tryggja sterkan efnahag þjóðarinnar til langs tíma. Það hefði mátt halda að þeir tveir flokkar sem fengu flest atkvæði í kosningunum hefðu getað sett ágreininginn á ís og sameinast til góðra verka. Illmælgin og niðið skilar okkur ekki áleiðis á þeirri vegferð og aðferðir Trump eru ekki íslenskum stjórnámálum til eftirbreytni. Það er besta mál ef Björt Framtíð og Óttarr Proppe sjá tækifæri til að láta gott af sér leiða í stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðismenn og Viðreisn, sama hvernig þær viðræður enda svo. Ríkisstjórnarsamstarf er alltaf málamiðlun og ef markmiðið er að bæta lífsskjör þjóðarinnar þarf ekki að kvíða niðurstöðunni.

Hafdís Gunnarsdóttir



WHEAT FLOUR
TARWEBLOEM
1 kg e

79
kr. 1 kg

ES Hveiti
1 kg

GRANULATED SUGAR
KRISTALSUIKER
1 kg e

115
kr. 1 kg

ES Sykur
1 kg

COCOA POWDER
250 g e

289
kr. 250 g

ES Kakó
250 g

BAKAÐU MEÐ BÓNUS

SÚÐU SÚKKULAÐI
200g

298
kr. 300 g

Heima Suðusúkkulaði
300 g

Jólabakstur
tíðbúð smákökudeig

Lakkrísbitakökur

Jólabakstur
tíðbúð smákökudeig

Piparkökur

Jólabakstur
tíðbúð smákökudeig

Súkkulaðibitakökur

359
kr. 24 stk.

Frón Smákökudeig
350 g, 3 tegundir

500g

SMJÖR
fyrsta flokks íslenskt smjör
nót nót 500g

329
kr. 500 g

OS Smjör
500 g

FLOWER HONEY
BLOEMENHONING
MEL DE FLORES
450 g e

289
kr. 450 g

ES Hunang
450 g

BONUS
-dökkur-
HÍPIR
200g

198
kr. 200 g

BONUS
-ljós-
ÞUR
200g

Bónus Súkkulaðihjúpur
Ljós eða dökkur, 200 g

425g

Smáhi
piparkökur

398
kr. 425 g

Gille Piparkökur
425 g

SÍRÓP
700 g

298
kr. 700 g

Bónus Síróp
700 g

PIZZA / BAKING PAPER
PIZZA / BAKPLÁTSPAPPER · PIZZA / BAKEPAPÍR
24 sheets / ark

139
kr. 24 stk.

ES Bökunarpappír
24 arkir

NÝ UPPSKERA

United Apple Sales
Quality Apples

398
kr. pk.

Amerísk Jólæpli
Rauð, 1,36 kg

2,3kg
í kassa

Robin
Klementínur

698
kr. 2,3 kg

Robin Klementínur
Spánn, 2,3 kg

Dagatal
Súkkulaði

179
kr. stk.



Útgefandi: Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthafið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Jóskar heiðar

Þær eru ófáar skýrslurnar um vanda Vestfjarða, fólksfækkun og almenn eymd og volæði og vér sem vestur hafa slæðst eða fæðst upplifum bæði skömm og leiðindi yfir að vera baggi á samfélaginu, vera hluti af þessu stóra byggðavandamáli. Hinn almenni Vestfirðingur og verkamaður ber ábyrgð á að þær lukkulegu sálir sem eignuðust kvóta hér fyrir áratugum skuli hafa selt góssið norður eða niður og skilið hér allt eftir í kalda koli, rétt eins og óbreyttur almúginn hafi ráðið því.

Eftir stendur tannlaus valdaskoltur íbúa hér á hjaranum, á miðunum sveima nú afkastamikil skip og verðmætunum borð koma okkur lítið við. Auðlindin var af okkur tekin.

Grunnþjónusta er skorin svo við nögl að vegir milli bæja á sunnanverðum kjálkanum líkjast meira hestatroðningum en nýttísku vegum og ekki er lengur forsvaranlegt að koma nýjum Vestfirðingum í heiminn nema skondrast suður á troðningunum. Þar er ungum fjölskyldum boðið upp á að liggja uppi á vinum og vandamönnum, jafnvel svo vikum skiptir, með hinkrað er eftir ungvíðinu.

Flugsamgöngur eru nú með þeim hætti að það er kominn tími á allsherjar mótmæli, hér er flugvallarónefna inni í firði sem er svo hættulegur að honum er lýst í kennslubókum flugmanna í veröldinni víðri. Ekki er fyrir nokkurn mun hægt að treysta á flugsamgöngur ef til dæmis á að mæta til læknis í höfuðborginni, þeir sem ekki hafa önnur ráð til að koma sér suður þurfa að koma sér á áfangastað með nokkurra daga fyrirvara til að hafa borð fyrir báru.

En nýjustu fréttir af þjónustufyrirtækinu Flugfélagi Íslands eru svo móðgandi og svo mikil vanvirðing við lífsskjör okkar fyrir vestan að engu tali tekur. Hagsmunir okkar voru gróflega fyrir borð bornir þegar verslaðar voru vélar sem ekki geta lent á Ísafirði og notast átti við tvær skitnar vélar til að koma okkur til og frá. Ítrekað hefur ekki verið tiltæk vél til að sinna flugi og það er algjörlega óásættanlegt, svo ekki sé tekið dýpra í árinna. Nú þarf að hefja vinnu við að finna nýtt flugvallarstaði sem fækkað getur messufalli vegna veðurs en þangað til þarf að finna flugfélag sem treystir sér til að meðhöndla Vestfirðinga á pari við aðra Íslendinga.

Umfram allt eiga Vestfirðingar rétt á sömu þjónustu og aðrir landsmenn. Þá, og aðeins þá, er hægt að gera ráð fyrir sjálfbærni samfélagsins.

Einu sinni stóð til að bjarga íslenskri þjóð frá kulda og hungri og flytja á frjósamar jóskar heiðar og ef það er opinber stefna að flytja Vestfirðinga hreppaflutninga suður í sollinn er rétt að samfélagið allt segi það bara upphátt og geri klárt í 101 Reykjavík nú eða í Breiðholti.

BS



Lilja Sigurðardóttir við eitt af gömlu rúmunum.

Safna fyrir nýju sjúkrarúmi

Forsvarsmenn Stöndum saman Vestfirðir kalla eftir keppnisskapi Vestfirðinga til að safna fyrir nýju sjúkrarúmi fyrir Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Patreksfirði og benda á að ef hver sá sem líkað hefur við hópinn á Fésbókinni leggi til 250 krónur þá sé komin sú fjárhæð sem þarf til kaupa sjúkrarúm og dýnu. Rúmin sem fyrir eru við stofnunina eru komin til ára sinna og á meðfylgjandi mynd má sjá Lilju Sigurðardóttur

hjúkrunarfræðing á HVEST á Patreksfirði við eitt þeirra rúma sem er í notkun við stofnunina en talið er að það hafi verið tekið í notkun í kringum 1980 og stenst ekki samanburð við það sem best gerist í dag, en sjúklingar geta ekki stjórnað því sjálfir líkt og öllum betri sjúkrarúmunum og þarf starfsfólk að breyta stillingum þess með handaflí. Vilja forsvarskonur söfnunarinnar í það minnsta geta fært stofnuninni eitt nýtt rúm

og segja svo oft hafa sýnt sig í verki að þegar við leggjumst öll á eitt og stöndum saman þá getum við allt.

Er þetta önnur söfnun félagsins, en í vor færði það HVEST á Ísafirði barkaþræðingateki og sprautudælur. Fyrir þá sem vilja leggja söfnuninni lið eru reikningsupplýsingar félagsins eftirfarandi: Kt. 410216-0190 Banki 156-26-216

annska@bb.is



BÆJARINS BESTA

Bæjarins besta kemur út fimm sinnum til áramóta

24. nóvember
1. desember
8. desember
15. desember
22. desember

Auglýsendur athugið að panta auglýsingapláss tímanlega í síma 456 4560 eða í netfanginu bb@bb.is



Stígamót veita viðtalsþjónustu á Ísafirði

Fimmtudaginn 10. nóvember hófst söfnunaráttak Stígamóta sem ber yfirskriftina „Styttum svartnættið“, en tíminn sem líður frá því að kynferðisbrot er framið þar til brotþoli leitar sér aðstoðar er oft langur. Stígamót eru grasrótarsamtök sem berjast gegn kynferðisofbeldi og veita aðstoð fyrir fólk sem hefur verið beitt kynferðisofbeldi.

Markmiðið með herferðinni er að safna mánaðarlegum styrktaraðilum að rekstri Stígamóta, en starfið er mikilvægt og við þurfum að auka þjónustuna, sem getur beinlínis snúist um

að bjarga mannlífum. Söfnunin nær síðan hámarki með samnefndum þætti á Stöð 2 föstudaginn 18. nóvember.

Í tilefni af herferðinni vill starfsfólk Stígamóta minna á að samtökin fóru í haust af stað með viðtalsþjónustu fyrir þolendur á Ísafirði. Þessari viðtalsþjónustu var áður sinnt af Sólstöfum en er nú sinnt af ráðgjöfum Stígamóta sem koma á tveggja vikna fresti til Ísafjarðar. Hægt er að panta tíma með því að hringja í 562-6868 eða í tölvupóst hjá karen@stigamat.is .

brynja@bb.is

#styttumsvartnættið



STYTTUM SVARTNÆTTIÐ!

Smelltu til að gerast mánaðarlegur styrktaraðili Stígamóta

Ráðgjafi frá Stígamótum heimsækir Ísafjörð aðra hverja viku.

Grísa áttu besta vélmennið



Myndir fengnar af heimasíðu og Facebook síðu GÍ.

Grísa, lið Grunnskólans á Ísafirði unnu til verðlauna í FIRST LEGO League, sem fram fór í Háskólabíói á laugardag. Var það í flokknum; Besta hönnun og forritun vélmennis, sem þeir Hafsteinn Már Sigurðsson, Hlynur Ingi Árnason, Jón Ingi Sveinsson, Magni Jóhannes Þrastarson, Sveinbjörn Orri Heimisson og Þráinn Ágúst Arnaldsson hömпуðu sigri, en þeir fóru til keppinnar ásamt liðstjóranum Jóni Hálfðáni Péturssyni.

Þetta var í fyrsta sinn sem Grunnskólinn á Ísafirði sendir lið til keppinnar, en hún var nú haldin í tólfta sinn og hefur notið vaxandi vinsælda frá ári til árs, en í þetta sinn tóku þátt rúmlega 200 manns í 21 liði víðsvegar af

landinu og hefur þátttaka aldrei verið betri. Keppendur eru á aldrinum 9-16 ára og í hverju liði 6-10 börn og a.m.k. einn fullorðinn liðsstjóri.

Á hverju ári er keppninni valið sérstakt þema og að þessu sinni var það samstarf manna og dýra (e. Animal Allies). Liðin fengu senda þrautabraut ásamt upplýsingum um rannsóknarverkefnið átta vikum fyrir keppnina og hafa þau undirbúið sig af kappi. Meðal verkefna keppenda var að forrita vélmenni úr tölvustýrðu Legoi til að leysa tiltekna þraut. Þá áttu keppendur að gera vísindalega rannsókn á ákveðnu efni tengdu þemanu og enn fremur þurftu liðin að gera grein fyrir því hvernig þau forrituðu vélmenn-

in. Auk þess horfði dómnefnd til liðsheildar. Markmiðið með keppninni er að efla færni og vekja áhuga ungs fólks á tækni og vísindum, sem og að örva nýsköpun, byggja upp sjálfs- traust og efla samskipta- og forystuhæfni.

Það var lið Myllubakkaskóla sem bar sigur úr býtum í keppninni í ár og mun það í byrjun desember halda til Noregs til þátttöku í úrslitakeppni FIRST LEGO League Scandinavia. Lið Myllanna fékk einnig verðlaun fyrir besta rannsóknarverkefnið. Sigurvegarar í vélmennakapphlaupinu voru Oreó frá Egilsstaðaskóla og Úrhelli frá Vættaskóla fékk viðurkenningu fyrir bestu liðsheildina.

annska@bb.is



Grísa, lið G.Í. á sviðinu í Háskólabíói.



Óhræddur Mugison kominn á fullt skrið



Örn Elías og hundurinn Skuggi.

Í nægu er að snúast þessa dagana hjá Erni Elíasi Guðmundssyni, manningu að baki Mugison, en í lok síðustu viku kom út ný plata frá tónlistarmanninum, Enjoy! Óhætt er að segja að hennar hafi verið beðið með eftirvæntingu þar sem hann hefur ekki gefið út plötu síðan að metsöluplattan Haglél kom út fyrir fimm árum síðan. Líkt og lög gera ráð fyrir er mikil vinnutörn hafin hjá Mugison og er hann búinn að vera mikið í höfuðborginni upp á síðkastið, en er nýkomin heim í Súðavíkina til að jarðtengja sig að eigin sögn.

Það má segja að fyrsti í kynningartrénu hafi átt sér stað er tónlistarhátíðin Icelandic Airwaves fór fram í Reykjavík á dögunum og spilaði Mugison þar meðal annars á vel heppnuðum tónleikum í Frikirkjunni þar sem nýja platan var kynnt ásamt því sem gamlir slagarar fengu að óma. Örn segist hæstánægður með hvernig til tókst: „Þetta er svolítið eins og að vera nýbúinn að fara í klippingu, vera í nýjum fötum og búinn að meika sig án þess að vita alveg hvernig það fer svo, en mér fannst viðbrögðin alveg stórkostleg. Við ákváðum að taka nýtt í bland við gamalt. Ég hugsaði hvað virkaði fyrir mig sem tónleikagest og ég get alls ekki hlustað á of mikið nýtt í einu. Þrjú, fjögur ný lög og ég er dottinn út.“ Hann segir þetta hafa verið fínt tækifæri fyrir hljómsveitina að finna saman taktinn í nýja efni og fyrir vikið hafi verið enn skemmtilegra að spila gömlu lögin.

Óhræddur við breytta tíma

Ásamt því að vera að spila hér og þar í borginni á meðan á Airwaves stóð var nóg að gera hjá Mugison í allra handa viðtölum: „Þetta er náttúrulega bransahátíð og maður er mikið í því að hitta samstarfsaðila og vinna í tengslanetinu.“ Hann segir bransann vera að breytast mikið og flestir í raun að þreifa fyrir sér í nýju umhverfi: Diskurinn er í útrýmingarhættu líkt og framköllunarþjónusta fyrir nokkrum árum, en á sama tíma hefur neysla á tónlist sennilega aldrei verið meiri og aldrei verið hlustað jafn mikið á tónlist. Vandinn er hinsvegar að það er ekki alveg vitað hvernig maður

á að sækja peningana, en það hlýtur að finnast leið og ég er ekkert hræddur.“

Örn segir líka á sama tíma mikið búið að breytast í því hvernig tónlist verður til: „Þegar ég tók upp fyrstu og aðra plötuna mína á eitt hljóðkort og einn míkrofón, þá var það í raun alveg nýtt. Núna er Rúna (Esradóttir, kona hans) að kenna námskeið á Sónar hátíðinni fyrir krakka þar sem þau eru að læra að gera slíkt og tæknin ekkert minni. Það þarf því ekkert einhverja risa-framleiðslu til að gera frábært stöf sem mér finnst alveg geggjað.“

Enjoy! – Kominn í föstu formi

Þrátt fyrir tal um útrýmingarhættu geisladisksins er Enjoy! þó mættur til leiks í föstu formi og fer dreifingarvinna fram um þessar munir og diskurinn fánlegur í æ fleiri verslunum með degi hverjum, jafnframt verður öllum þeim sem kaupa miða á útgáfutónleikana afhentur diskur er þeir mæta á staðina sem þeir verða haldnir.

Enjoy! fer vel í þá sem á hlýða og í plötudómi eftir Kolbrúnu Björt Sigfúsdóttur á menningarvefnum Starafugli segir meðal annars: „Mugison hefur sett saman plötu sem er fyrir fólk með athyglisbrest og ofvirkni, og ég meina það á góðan máta. Hvert einasta lag gæti verið eftir mismunandi hljómsveitir með sama söngvarann. Enjoy er þannig eins og „best of“ eða safndiskur, býður alltaf upp á eitthvað nýtt, ný sinnum í röð.“ Tónlistarspekúlantinn Dr. Gunnar fer einnig um hann fögrum orðum á heimasíðu sinni og segir hann meðal annars að lögin vinni á við hverja hlustun og skrifi inn í taugaendana eins og feitir köttur sem leggst í bæli með rjómaskál.

Útgáfutónleikar í Edinborg

Fyrstu opinberu útgáfutónleikarnir verða í Edinborgarhúsinu á Ísafirði þann 25. nóvember næstkomandi og spilar Mugison þar ásamt hljómsveit lögin af nýju plötunni í bland við eldri slagara. Hljómsveitin leggur síðan upp í ferð um landið og spilar á Akranesi, í Reykjanesbæ, á Akureyri og Egilsstöðum, ásamt því að spila á tvennum tónleikum í Eldborgarsal Hörpu sem þegar er uppselt á.

Örn segist spenntur fyrir þeirri tíð sem nú fer í hönd, að spila út um allar trissur til að kynna afurðina: „Ég er búinn að vera mikið heima síðustu fimm árin og spila lítið, svo ég er alveg til. Það fylgir því kraftur að klára svona plötu og maður verður svolítið óraunsær í gleðivímunni og upplifir að maður geti bara strax hent í tvær plötur til viðbótar.“ Hann segir að fólk megi búa sig undir spennandi nýja vídd á tónleikunum þar sem akústíkin og röddin verði í fyrirrúmi. Í hljómsveit Mugisons eru sem áður Arnar Gíslason sem leikur á trommur, Guðni Finnson á bassa og Þorbjörn (Tobbi) Sigurðsson sem leikur á hljómborð og gítar.

Til að ná enn betur fram hinum þetta hljómi plötunnar, mun tónlistarkonan Rósa Sveinsdóttir koma fram með hljómsveitinni á tónleikunum, en hún er söngkona og saxófónleikari, ásamt því sem hún spilar bæði á þverflautu og blokkflautu.

Það er alveg ljóst eftir að setjast niður í smá stund með Erni að það fylgir því mikill erill að vera sjálfur Mugison, er ekki liðu margar mínútur á milli þess sem síminn glumdi við. Svo honum og hundinum Skugga var sleppt aftur út í regnblautan daginn, en nú er ekkert annað en að byrja að leyfa sér að hlakka til tónleikanna.

annska@bb.is



Lyftaranámskeið (J- réttindi)



Lyftaranámskeið fyrir lyftara með allt að 10 tonna lyftigetu verður haldið á Ísafirði dagana 2. desember frá kl. 09 – 16 og 3. desember 09 – 15 hjá **Fræðslumiðstöð Vestfjarða** Suðurgötu 12, Ísafirði.

Hægt er að skrá sig á heimasíðu Vinnueftirlitsins <http://www.vinnueftirlit.is/fraedsla/dagsett-namskeid/> einnig er hægt að hafa samband í síma 550 4600 eða 550 4655.

Lyftaranámskeið fyrir allt að 10 tonn

Hvar?	Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgötu 12, Ísafirði
Hver heldur?	Vinnueftirlit ríkisins
Hvenær?	Föstudaginn 2. des og laugardaginn 3. des Frá kl.: 09:00 til 16:00



Gekkk upp Esjuna í fullu dragi



Hjálmar Forni Sveinbjörnsson, sem einnig er þekktur sem dragdrottningin Miss Gloria Hole, gekk á laugardaginn upp Esjuna í fullum skrúða. Tilgangur göngunnar var að vekja athygli á HIV-samtökunum á Íslandi og auka umræðu um sjúkdóminn, koma í veg fyrir fáfræði, sem og að hvetja til ábyrgrar kynhegðunar. Hjálmar Forni segir að upphafið að átakinu megi rekja til þess er hann bjó með smituðum manni og fékk spurningar líkt og hvort þeir notuðu sömu hnífapör: „Þá vissi ég að ég þyrfti að gera eitthvað til að vekja athygli á þessu, því það einfaldlega eru ekkert allir sem vita að þeir sem eru smitaðir í dag smita ekki vegna þeirra lyfja sem þeir eru að taka.“

Hjálmar, sem ólst upp að hluta til á Ísafirði, hefur verið vel virkur í dragsamfélaginu á Íslandi og var til að mynda kosinn dragdrottning ársins árið 2014. Einnig hefur hann verið öflugur göngugarpur og

gekk til að mynda frá Ísafirði til Reykjavíkur árið 2009 ásamt Jóni Björnssyni, þar sem þeir gengu um 45 kílómetra dag hvern. Það var þó talsvert ólíkt því að ganga upp fjall í fullu dragi og á háum hælum.

Hjálmar segir gönguna hafa gengið merkilega vel miðað við aðstæður. Var hann í um fjórar klukkustundir að koma sér bæði upp og niður á hælunum, en hann hafði þó einungis lagt upp með að fara á þeim upp en gleymdi að taka með sér strigaskó til að skipta fyrir niðurleiðina, það vildi þó ekki betur til en svo að strigaskórnir gleymdust í bílnum, svo hælarnir urðu að duga: „Það var svolítið erfitt þegar ég var að koma upp að Steini en þar var hálka, svo að ég fór mjög hægt yfir og svo var miklu erfiðara að labba niður en upp á hælunum.“


En hversu mikið erfiðara er að ganga á fjöll á hælum en gönguskóm? „Ég hef forðast í gegnum tíðina að nota gönguskó, fer bara allt á Crocks eða strigaskóm og

ég hef alltaf sagt að ef við ættum að fara allt á gönguskóm – þá hefðum við fæðst með hófa. Ég hugsa að það hafi hjálpað mér í að styrkja á mér öklana fyrir þessa göngu að hafa gengið svona mikið í skóm án stuðnings, gönguskór hefðu örugglega gert þetta erfiðara.“

Þrátt fyrir að hafa farið upp Esjuna í kulda og trekki á hælum, lætur Hjálmar vel að göngunni og segir hana hafa gengið betur en hann hafi fyrirfram þorað að vona: „Ég held að hann þarna uppi hafi ákveðið að gefa mér gott veður í þetta, þar sem báða dagana í kring var stormur. Það var reyndar talsvert kalt þegar ég var kominn upp, haglé, rok og kuldi, en bara ansi hressandi á laugardegi.“ Ferðin tók í heildina um fjórar klukkustundir og gengu amma og afi Hjálmars með honum, unnusti hans og nokkrir vinir, þar á meðal Sverrir Ómar sem er að gera heimildarmynd um gönguna sem og smokkaárvekni verkefni sem Hjálmar



Sigurðar sögur dýralæknis



Það var kalt og organistinn vissi að upphitun var engin, svo að hún hafði með sér þrjónabrók og brá sér í þær utan yfir þær innri.

Síðan var messað á Patreksfirði. Þar var kappkynt. Það vissi Björg. Hún fór því úr þrjónabrókinni og skildi eftir í bíl séra Gríms. Við messuna á Patreksfirði var fólk innan af Strönd og Björg tók sér far með því heim, en gleymdi brókinni.

Nú fer séra Grímur að taka til dót sitt vegna flutnings suður og rekst á brók Bjargar í bíl sínum. Honum finnst úr vöndu að ráða. Ekki gat hann beðið neinn fyrir brókina. Ekki kunni hann heldur við að senda hana í pósti. Það gæti litið illa út fyrir prest, að hann færi að skila nærbuxum af konu og senda þær milli sókna.

Eftir nokkur heilabrot ákvað hann að halda aðra kveðjumessu í Haga. Það varð úr og þar gat hann sjálfur skilað buxunum til Bjargar svo að lítið bar á.

Einhver komst þó að þessu og sagði frá.

Ísafirðingurinn séra Grímur Grímsson (1912-2002), prestur í Sauðlauksdalsprestakalli og seinna í Ásprestakalli í Reykjavík, var að kveðja söfnuði sína fyrir vestan og byrjaði í Haga á Barðaströnd. Allt fór það vel fram. Björg Jónsdóttir í Haga var organisti hjá séra Grími og fylgdi honum milli kirknanna.

Næst var kveðjumessa í Sauðlauksdal. Staðurinn var í eyði.



ÍSAFJARÐARBÆR Atvinna

Leikskólinn Sólborg á Ísafirði auglýsir eftir leikskólakennurum til starfa á nýrri 5 ára leikskóla-deild sem staðsett er í húsnæði Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Nánari upplýsingar á www.isafjordur.is

stýrir fyrir HIV-samtökin undir yfirskriftinni Sýndu ábyrgð – notaðu smokkinn!

„Ég þekki svo mikið af frábæru fólki, sem er að gera svo flotta hluti, og var til í að koma í þetta verkefni með mér.“ Segir Hjálmar Forni um vinnu sína fyrir HIV-samtökin, en heilmikið húllumhæ verður í Hörpu á vegum samtakanna þann 1. desember n.k. á alþjóðlegum HIV-degi. Þar verður heimildarmyndin um gönguna sýnd ásamt því sem fjölmargir skemmtikraftar stíga á stókk líkt og ástralski uppistandarinn Jonathan Duffy, spákonan Sigga Kling og félagar úr Dragsúgi, sem er hópur sem stendur fyrir mánaðarlegum skemmtikvöldum á Gamla Gauknum, sem er að sögn Hjálmars hinsegin kvöld, með hinsegin listamönnum, þar sem gestum er skemmt með lifandi flutningi, mæmi eða

uppistandi.

Hægt var að leggja fram fjárlög til göngunnar, sem renna óskipt til HIV-samtakanna og er sú söfnun enn í gangi og segir Hjálmar að peningurinn verði nýttur til að efla fræðslustarf samtakanna og vonast hann til að skólarnir í landinu taki inn fræðslu frá samtökunum á nýjan leik: „Já vonandi fara skólarnir aftur að taka inn fræðslu frá HIV samtökunum, það er þörf á aukinni fræðslu og ég held líka að það sé ekki vanþörf á að bæta alla kynfræðslu fyrir ungt fólk í leiðinni.“

Hægt er að leggja inn framlög til verkefnisins á reikning: 0156-05-064764 Kt. 280394-2549 og fá allir þeir sem styrkja verkefnið nafn sitt á þakkarlista sem birtur verður í lok heimildarmyndarinnar um ferð Miss Gloríu Hole á Esjuna.

annska@bb.is

Þar sem björgin úr djúpinu rísa...

Rafiðnaðarsamband Íslands óskar að taka á leigu orlofshús
á norðanverðum Vestfjörðum

sumarið 2017, þ.e. frá 1. júní til 31. ágúst.

Nánari upplýsingar má fá með því að hafa samband á netfangið agust@rafis.is.

Tilboð þurfa að berast í síðasta lagi 10. desember. 2016



RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

Stórhöfða 31, 110 Reykjavík, sími 580-5200, www.rafis.is



Sportið í beinni
fimmtudagur 17. nóvember

18:30 Golf - PGA Tour
19:00 Stjarnan - Tindastóll
föstudagur 18. nóvember

18:30 Golf - PGA Tour
19:40 Brighton - Aston Villa
19:50 Keflavík - Grindavík
22:00 Körfuboltakvöld
01:00 Boston - Golden State

laugardagur 19. nóvember

08:00 Golf - European Tour
12:20 Man United - Arsenal
14:25 Augsburg - Hertha Berlin
14:50 Sunderland - Hull City
14:50 Watford - Leicester City
14:50 Crystal Palace - Man City
14:50 Everton - Swansea City
14:50 Southampton - Liverpool
14:50 Stoke City - Bournemouth
15:10 Barcelona - Malaga
17:20 Tottenham - W Ham United
17:30 B Dortmund - B Munchen

18:30 Golf - PGA Tour
19:40 Atl Madrid - Real Madrid
02:00 Box: Kovalev vs Ward
sunnudagur 20. nóvember

07:30 Golf - European Tour
13:10 Leeds - Newcastle
15:50 Middlesbr - Chelsea
18:30 Golf - PGA Tour
19:00 Golf - LPGA Tour
21:00 Leikur í NFL

mánudagur 21. nóvember

19:50 WBr Albion - Burnley
22:00 Messan

þriðjudagur 22. nóvember

19:15 Meistaradeildarmessan
19:40 Leicester - Club Brugge
19:40 Mónakó - Tottenham
19:40 Sevilla - Juventus
19:40 Sporting - Real Madrid
21:45 Meistaradeildarmörkin

miðvikudagur 23. nóvember

19:15 Meistaradeildarmessan
19:40 Celtic - Barcelona
19:40 B. M'gladbach - Man City
19:40 Ludogerets - Basel
19:40 Arsenal - P. St. Germain
21:45 Meistaradeildarmörkin

Dagar Íslands

21. nóvember 1393:

Bardagi varð á Núpi í Dýrafirði á milli Björns Einarssonar í Vatnsfirði og Þórðar Sigmundssonar á Núpi. Tveir menn féllu og margir særðust. Menn Þórðar höfðu betur og flúði Björn í kirkju.

Helgarveðrið

Á föstudag og laugardag:

Stíf norðanátt og éljagangur fyrir norðan og austan, en heldur hægari og bjart að mestu sunnan- og suðvestanlands. Frost 0 til 6 stig, en sums staðar frostlaust við sjóinn.

Á sunnudag:

Norðlæg átt og él norðan- og austan til, en léttskýjað sunnan- og vestanlands. Svält í veðri.

Krossgátan

					SKEMMA	FÁNI	GLÁPA		NÁLÆGT	RIST	SÁLDRA
				AFLÖGU							
				SKORDÝR				HEIÐUR			
								TÆKI			
				SÍÐRI							
				SEYTLAR					TVEIR EINS		
									FITA		
	↓	MÆLI-EINING	FÆDDI	TVEIR EINS				HYGGJAST			
				STÍGANDI				GÁTA			
DRALLA						LEND				DUGLEYSI	ÚT
						TÆFA					
KLETTA-HYRNA					GALGOPI						
					STEIN-TEGUND						
KRINGUM			BÁS						KJAFTUR		
			KK NAFN						GLUFA		
SEGI UPP				SÁÐJÖRÐ						ÓNEFNDUR	
				DANS						STRENGUR	
NARSL						VESKI					
						STÚTUR					
		ÁSTUNDUN					ÁN				
		SANDMÖL					RÖLTA				
DJAMM					RÁNDÝRA					ÁKAFLEGA	TITILL
					ÓGÆTINN						
TVÍHLJÓÐI			MÆLA DÝPT					SÓDI			
			GOÐ					DORMA			
SARG				RÚLLA					PENINGA		
				Í RÖÐ					TVEIR EINS		
TULDRA						STAFIR					
ÁGÓÐI						HINDRA					

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
VESTFJARÐA ehf
Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

Lausn á síðustu krossgátu

			HÖPS	KIND	HEIMS- ÁLFU		TVEIR EINS	BLÁ- FÁTEKUR	RANGL		
			UMBÆTUR	F	R	A	M	F	Ö	R	
			UMRÖT	L	O	S	AF FYRIR	F	R	Á	
			ELDS- NEYTIS	O	L	Í	U	HVORT NUDDA	E	F	
			KLAUFI HANDA	K	L	U	N	N	I	STÓ	
	↓	VANDRÆÐI	MJAKA EKKI	A	K	A	ENDAST MÁTTLEYSI	D	U	G	A
PVERVEGA	P	V	E	R	S	BLANDAR ASKA	L	A	G	A	R
PVENGUR	R	E	I	M	GLUMDI SÖG	S	Ö	N	G	GETRAUN	I
KRADAK	Ö	S	FRUMEIND NÖTA	A	T	Ó	M	TÁLBEITA RÚM	A	G	N
VEIDAR- FÆRI	N	E	T	MARÐAR- DYR GLATA	O	T	U	R	UTAN STELA	Á	N
MERGD	G	N	Ó	T	UNGT FORMÓÐIR	N	Ý	T	T	FLYTJA	
	S	NOTA GERST	N	Ý	T	A	SKORDYR SPILLA	M	A	U	R
MELLI- EINING	T	O	N	N	FARÐI AN	M	E	I	K	HREKJA	E
TVEIR EINS	R	R	SJÓK- DOMUR VETA	A	S	M	I	ÁI FOR	A	F	I
ÞJÓTA	Æ	Ð	A	BANDA ÖNEFNDUR	P	A	T	A	RÁS ÆTÍÐ	Æ	Ð
DÝRKA	T	I	G	N	A	RÓTA	R	U	S	L	A
ÖTULL	I	Ð	I	N	N	EIN- SONGUR	A	R	Í	A	

Sudoku þrautir

		7				3				2
	8					2	9	3	7	
2	3		6			8				
3	7	2				5	4			8
	9	4	3	2						
	6		8						2	
	2		5	9	4					
	1	3		8	6	5	7			
6		5		3				8	9	

						1				
	5						8		6	
8		9	7							
7						3				
	3	4			6				2	
		1				5			7	
	2					4				
	9				3	2				8
5		3				8	2			

Svarta gengið komin í bíó

Á laugardag var frumsýnd heimildarmyndin Svarta gengið eftir Kára G. Schram í Bíó Paradís. Segir hún frá Þorbirni Péturssyni fjárbónda og einsetu-
manni sem bjó að Ósi í Arnafirði sem árið 2010 þurfti að bregða búi vegna slits og veikinda. Í kjölfarið neyddist hann til að fella allt sitt sauðfé, þar á meðal var fjárhópur sem Þorbjörn hafði alið sérstaklega og kallaði Svarta Gengið.

Svarta gengið stóð Þorbirni mjög nærri og ekki kom til greina að senda það í sláturhús. Í kjölfarið ákvað hann að heiðra minningu málausra vina sinna með þeim hætti sem honum fannst við hæfi og jarðsetja þær heima og reisa yfir þær einstak-
ann minnisvarða. Jafnframt sótti hann um leyfi yfirvalda að fá að hvíla þeim við hlið.

Í viðtali við Kristján Má Unnarsson í Íslandi í dag árið 2010 segir frá því að Þorbjörn hafi rífið og brennt fjárhúsin og hlöðuna og keypt sér íbúð á Þingeyri. Þá var hann búinn að gera grafreit fyrir Svarta gengið sitt sem taldi um 80 kindur og sagði: „Þarna liggja kindurnar sem mér þótti vænst um. Ég vildi bara liggja hér líka.“

Myndin, sem er tæpur klukkutími að lengd, verður sýnd í dag, á morgun og miðvikudag í Bíó Paradís. annska@bb.is

PRENTUM
ALLT MILLI
HIMINS
OG
JARÐAR



BB

Mánagötu 2
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is



Auglýsingaplakat myndarinnar sem sýnir Þorbjörn ásamt ferfættum vinum sínum úr Svarta genginu.

Nýjar bækur til sölu



DJÚPMANNATAL 1801-2011 til sölu á Hlíf 2, íbúð 309 og ennfremur:

Ný bók Snjáfallaseturs **UNDIR SNJÁFJÖLLUM II**, sem er m.a. um árabátasjósoðn og saltfiskverkun á Ströndinni um og eftir 1900 þegar þar bjuggu 350 manns. Einnig er sagt frá b'junum, fjölda fólks sem þar bjó, tug sjóslýsa og fleiri viðburðum.

Engilbert sími: 451 3213 eða 893 3213.



Fasteignir óskast á söluskrá

Vegna mikillar sölu upp á síðkastið vantar allar gerðir fasteigna á Ísafirði á söluskrá Sanngjörn sölupóknun og þjónusta á staðnum.

Hafið samband í síma 4563244 eða í tölvu-
pósti - eignir@fsv.is

Nýr vefur - www.fsv.is

Þjónustuauglýsingar

HG HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær úþing sjávarauðlinda



Bítt með fyrirvara um þrennivíkur og myndavíxl. Úrval getur verið mismunandi milli verslana.

STÓÐRA SERÍU HELGIN

20-40% afsláttur

Allar seríur og jólaljós
Hefst á fimmtudag



Byggjum á betra verði

www.husa.is